

Svar

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Gísla Stefánssyni um flutningsgjald, orkuinnviði og orkuöflun.

1. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum til þess að koma í veg fyrir að ákveðin svæði verði fyrir hækkun á flutningsgjaldi raforku þegar orkunotkun dregst saman?*

Flutningsgjald raforku er það sama um land allt, þannig að ákveðin svæði verða ekki fyrir hækkunum eða lækkunum umfram önnur svæði.

2. *Kemur til greina af hálfu ráðherra að ríkið komi að fjárfestingum í orkuinnviðum á þeim svæðum?*

Ríkið er ekki beinn aðili að fjárfestingum í orkuinnviðum. Fjárfesting í orkuinnviðum fyrir flutnings- og dreifikerfi raforku er á hendi sérleyfisfyrirtækja sem lögum samkvæmt eru í meirihlutaeigu opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga. Aðkoma ríkisins að uppbyggingu virkjana er í gegnum eignarhald þess á orkufyrirtækjum í opinberri eigu.

3. *Ætlar ráðherra að beita sér fyrir aukinni orkuöflun í nærumhverfi Vestmannaeyja með það fyrir augum að auka orkuöryggi og stuðla að orkuskiptum, t.d. í samstarfi við einka aðila í Vestmannaeyjum?*

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram skýr vilji til að auka orkuöflun, styrkja flutningskerfi og bæta orkunýtni þannig að stutt verði við orkuskipti og verðmætasköpun um allt land. Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á orkumál og ætlar að ráðast í nauðsynlegar umbreytingar á raforkumarkaði til að stemma stigu við hækkun raforkuverðs og sveiflum á markaði. Á þessu ári mun ráðuneytið setja af stað vinnu við stefnu stjórnvalda um öflun raforku til næstu tíu ára. Gert er ráð fyrir að í orkuöflunarstefnu komi fram töluleg markmið um aukna raforkuframleiðslu á tímabilinu. Ætlunin er að horft verði til slíkrar stefnu við gerð verndar- og orkunýtingaráætlunar hverju sinni.

Í október 2023 skilaði starfshópur um eflingu samfélagsins í Vestmannaeyjum á málefna-sviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis tillögum til ráðuneytisins, m.a. um að kanna frekari kosti við nýtingu lághita og annarra staðbundinna orkuöflunarkosta. Að frumkvæði ráðuneytisins tók fulltrúi Umhverfis- og orkustofnunar þátt í kynnisferð til Orkneyja í vor til þess að skoða orkuinnviði og framleiðslu á orku í eyjasamfélagi í Norður-Atlantshafi.

4. *Hyggst ráðherra tryggja fjarvarmaveitum orku á rekstrarhæfu verði til að auka samkeppnishæfni kaldra svæða og jafna þannig aðstæður fólks og fyrirtækja óháð staðsetningu? Ef svo er, hvenær hyggst ráðherra ráðast í aðgerðir og hverjar verða þær?*

Í dag eru reknar átta fjarvarmaveitur (kyntar hitaveitur), sem nota rafmagn eða eldsneyti til að hita upp vatn til húshitunar til sölu um dreifikerfi sín. HS Veitur reka kynta veitu í Vestmannaeyjum, HEF veitur reka kynta veitu á Seyðisfirði og Orkubú Vestfjarða rekur kyntar veitur á sex stöðum (Patreksfirði, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík og tvær á Ísafirði).

Stjórnvöld niðurgreiða að fullu kostnað við flutning og dreifingu raforku til húshitunar í íbúðarhúsnæði sem er ekki á veitusvæði hitaveitu, sbr. lög um niðurgreiðslur húshitunar-kostnaðar, nr. 78/2002. Upphæð niðurgreiðslna á vatni frá fjarvarmaveitum er síðan ákveðin í samræmi við breytingar á niðurgreiðslum til beinnar rafhitunar og þeirrar fjárhæðar sem samþykkt er í fjárlögum viðkomandi árs. Í þessu tilfelli er ekki um beina dreifingu að ræða á raforku heldur felst dreifingin í heitu vatni og hefur fyrirkomulagið því miðast við að niðurgreiða fjarvarmaveiturnar í takt við breytingar á niðurgreiðslum til notenda í fyrrnefndum flokki, þ.e. notenda með beina rafhitun frá dreifiveitum. Á fjárlögum fyrir árið 2025 er um 2,4 milljörðum kr. varið til niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar.

Í skýrslu Byggdastofnunar um orkukostnað heimilanna 2024 kemur fram að niðurgreiddur húshitunarkostnaðar er lægri hjá fjarvarmaveitum en hjá dýrustu hitaveitunum og þeim sem eru með beina rafhitun (sjá skýrsluna og mælaborð um orkukostnað heimilanna á heimasíðu Byggdastofnunar: www.byggdastofnun.is).

Ýmsar aðgerðir hafa verið og eru í gangi til að bæta rekstrargrundvöll fjarvarmaveitna og halda niðri kostnaði neytenda að undanfögnu. Skattur af heitu vatni (sem var 2% af smá-söluverði á heitu vatni) var til að mynda felldur niður fyrir fjarvarmaveitur 1. janúar 2025. Þá er útlit fyrir að jarðhitaleitarátakið sem farið var í árið 2023 muni skila verulegum árangri fyrir fjarvarmaveitur á Ísafirði og þar verði hægt að skipta yfir í hitaveitu sem nýtir jarðvarma með aðstoð varmadælna á næstu 1–2 árum. Frekari rannsóknir eru fyrirhugaðar á Patreksfirði í sumari til að skera úr um möguleika á jarðhitanytingu þar.